

Sent umhverfisnefnd Alþingis

Reykjavík 05. maí 2003  
2003030012/016-1  
SB/hj

## Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 637. mál, heildarlög

Vísað er til bréfs yðar dags. 18. mars 2003 þar sem farið er fram á umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár, 637. mál, heildarlög. Beðist er velvirðingar á síðbúnu svari.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir eftirfarandi almennar athugasemdir:

1. Löggin sem taka eiga gildi 1. október 2003 gera ráð fyrir að einstakar náttúruminjar sem falla utan þess svæðis sem sérlöggin taka til verði friðaðar samkvæmt lögum nr. 44/1999. Gert er ráð fyrir að þeirri friðlýsingu verði lokið 1. janúar 2007. Þar með skapast rúmlega þriggja ára **millibilsástand** þar sem einstæðar náttúruminjar verða án lagaverndar. Þetta er að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands bæði varhugavert og óþarft. Þess í stað ætti að líta á þetta sem samhangandi mál þ.e. ekki breyta lögnum fyrr en friðlýsingarferli er lokið.

Nýju löggin munu þrengja mjög mikið gildissvið eldri laga þar sem gert er ráð fyrir að aðeins Mývatn sjálft ásamt eyjum og hölmum og nærliggjandi votlendissvæðum, auk Laxár, verði friðað með sérlögum. Að sönnu eru flestar mikilvægustu lífríkisminjar Skútustaðahrepps innan hins friðlýsta svæðis. Þó eru a.m.k tvö afar sérstök og ef til vill einstök jarðhitagróðursvæði, Bjarnarflag og Jarðbaðshólar, utan þess. Þar hafa nýlega fundist sárasjaldgæfar tegundir tungljurta (afbrigði dvergtungljurtar “Íslandstungljurt” *Botrychium simplex* var. *tenebrosum* og keilutungljurt *Botrychium minganense*). Mjög margar einstæðar jarðminjar falla utan hins friðlýsta svæðis. Þar nægir að nefna hinn formfagra gjóskugíg Hverfjall, gígaraðirnar Lúdents- og Þrengslaborgir, hraundrangana Dimmuborgir og Klasa, hraungjárnar Stórugjá og Grjótagjá og hverasvæðin við Jarðbaðshóla, Hverarönd og Leirhnjúk.

2. Gert er ráð fyrir að umhverfisráherra tilkynni hagsmunaaðilum, við gildistöku laganna, hvaða [önnur] landsvæði áformað er að friðlýsa samkvæmt lögum nr.

44/1999. Framkvæmd þessa ákvæðis er óljós að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hæpið er að umhverfisráðherra hafi við gildistöku laganna, 1. október 2003, fræðilegar forsendur til að gera upp á milli svæða af náttúruverndarkorti (Náttúruverndarráð, Fjölrit nr. 19, 1987).

Í greinargerð undir “Um ákvæði til bráðabirgða II” segir: “Ljóst er að margar mikilvægar náttúruminjar...falla utan þess svæðis sem tilgreint er í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að friðlýsa **margar** [feitletrun NÍ] þessar náttúruminjar”. Hvernig hyggst umhverfisráðherra velja þau landsvæði/náttúruminjar sem hann eyrnamerkir til friðunar og tilkynnir hagsmunaaðilum? Lítil tími virðist til stefnu fyrir Umhverfisstofnun til að gera vandaða úttekt á þessu. Ef nota á fyrri vinnu Náttúruverndarráðs og Náttúruverndar ríkisins, þ.e miða við svæði I og II á náttúruverndarkorti (Náttúruverndarráð, Fjölrit nr. 19, 1987), þá virðist hreinlegra að taka það skýrt fram og telja svæðin upp í lögunum - þar með væri óvissu eytt.

Í 4. gr. er fjallað um almenna verndun alls vatnasviðs Mývatns. Náttúrufræðistofnun Íslands telur þetta ákvæði til bóta en leggur þó til að það nái enn lengra, þ.e. til alls Skútustaðahrepps.

Ef 4. grein næði til alls Skútustaðahreps mundi vatnsverndin ná til jarðfræðilegar heildar – þ.e. eystra gosbeltisins – og nást mundu inn í vatnsverndina vötn austan til á svæðinu sem falla til sem falla til Jökulsár á Fjöllum

Virðingarfyllt,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS